

Kirkjuþing 2020-2021.

29. mál - þskj. 29.

T I L L A G A

til þingsályktunar um hugverkaskráningu.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni.


Frsm. Hreinn S. Hákonarson.

Kirkjuþing 2020 beinir þeim tilmælum til kirkjuráðs að það skrái merki þjóðkirkjunnar, orðmerki og myndmerki, með formlegum hætti hjá Hugverkastofunni sem starfar samkvæmt lögum um einkaleyfi nr. 17/1991, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Fjöldi stofnana telur nauðsyn á því að vernda merki sitt, bæði mynd og texta, til þess að þau séu ekki tekin í heimildarleysi og notuð með þeim hætti sem eigandi merkisins er ósáttur við og hefur ekki gefið leyfi til. Dæmi um stofnanir sem hafa skráð merki sitt eru Háskóli Íslands, Ríkisútvarpið, Morgunblaðið, stjórnmalaflokkar o.fl. Um er að ræða vernd á mynd og texta. Sumir kjósa vernd á hvoru tveggja eða öðru hvoru.


Dæmi eru nú þegar um að þjóðkirkju-orðmerki sé notað á Facebook sem auðkenni af aðilum sem ekki eru kirkjulega þenkjandi og ætla sér fremur að koma höggi á kirkjuna ýmist í formi háðs eða órökstuddra fullyrðinga um sitt hvað eins og viðkvæm málefni í samtímanum og tala þá í nafni þjóðkirkjunnar – hafa margir ekki áttað sig á um er að ræða falssíðu. Hér fyrir neðan má sjá merki slíkrar síðu.



Það er nokkuð ljóst að allir landsmenn kannast við orðmerkið *Þjóðkirkjan* enda er getið um hana meðal annars í stjórnarskrá og lögum. Í merkinu felast ákveðin verðmæti sem hafa orðið til á löngum tíma og því mikilvægt að standa vörð um það og koma í veg fyrir misnotkun á því. Það gerist meðal annars með því að skrá það formlega sem og myndi styðja hefðarréttinn á notkun nafnsins.

Myndmerki þjóðkirkjunnar var hannað af Jónu Sigríði Þorleifsdóttur, grafískum hönnuði, en hugmyndina að því átti sr. Karl Sigurbjörnsson, biskup. Orðmerkið *þjóðkirkja* hefur gjarnan staðið undir myndmerkinu – eða einkunnarorðin: *biðjandi, boðandi, þjónandi*.

Þetta merki var samþykkt af kirkjuþingi 2003 sem merki þjóðkirkjunnar:



(Sjá gerðir kirkjupings: <https://timarit.is/page/6492381#page/n41/mode/2up>)

Samkvæmt upplýsingum sem flutningsmaður hefur frá Hugverkastofunni er eina skráða merki þjóðkirkjunnar orðmerkið *Biskupsstofa*.

Það er mikilvægt að þjóðkirkjan standi vörð um nafn sitt, orðmerki og myndmerki, og skrifi það fullum fetum og mæli af munni sem oftast. En eðli máls samkvæmt er orðið *þjóðkirkja* iðulega styttn og aðeins seinni hluti þess notaður þegar ljóst er átt er við þjóðkirkjuna. Slíkar styttingar eru alþekktar í tali, til dæmis í stað Alþingis er sagt: *þingið samþykkir... í þinginu... og á þinginu...* Vefur þjóðkirkjunnar heitir til dæmis *kirkjan.is* í stað *þjodkirkjan.is* eða *thjodkirkjan.is*. Og efst í vinstra horni á forsíðu vefins er merki þjóðkirkjunnar og við hlið þess stendur *kirkjan* en ætti að sjálfsögðu að standa *Þjóðkirkjan* (svo er merki þjóðkirkjunnar og hér mætti vitaskulda segja: svo er merki kirkjunnar!)

Þrátt fyrir þessa styttingu á orðinu *þjóðkirkja* í *kirkja* í hversdagslegu tali þá er hið lögformlega heiti hennar mikilvægt og því má ekki týna því niður. Hætti þjóðkirkjan að tala um sig með formlegum hætti sem *þjóðkirkju* er nokkuð víst að fleiri munu fylgja fordæmi hennar í því efni og auk þess er þá hætt við því að þjóðkirkjuákvæði í stjórnarskrá verði fremur bragðdauft, bitlaust og framandi. Það er ekki hagur þjóðkirkjunnar að gleyma því í orði og mynd að hún sé þjóðkirkja.

Breyting á notkun þjóðkirkju-merkisins þarf að sjálfsögðu að ræðast í grasrótinni, úti í söfnuðunum sem eru grunneiningar í kirkjunnar.

Það er á hendi kirkjupings að samþykkja merki kirkjunnar, sbr. 3. mál kirkjupings 2003: Stefna og starfsáherslur Þjóðkirkjunnar 2004-2010. Þó tillaga þessi tiltaki aðeins *þjóðkirkju-orðmerkið/myndmerki* má svo sannarlega huga að því hvort rétt sé að skrá heiti annarra stofnana á vegum þjóðkirkjunnar hjá Hugverkastofu.

Um Hugverkastofu:

Hugverkastofan er ríkisstofnun undir yfirstjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Stofnunin tók til starfa 1. júlí 1991 undir heitinu Einkaleyfastofan og tók þá við hlutverki einkaleyfa- og vörumerkjadeildar iðnaðarráðuneytisins. Hinn 1. júlí 2019 skipti stofnunin um heiti og tók upp nafnið Hugverkastofan.

Heimasíða: <https://www.hugverk.is/>

Kostnaður: Samkvæmt upplýsingum sem flutningarmaður hefur frá Hugverkastofu er skráningargjald kr. 33.100 sem endurnýjast á tíu ára fresti.